

LISTIR

Framtak með láði

LIST OG HÖNNUN

Kvæði / og myndlýsingar

TÍMALAND/ZEITLAND
BALDUR ÓSKARSSON/
BERND KOBERLING

Kleinheinrich Münster 2000


EIN hefð ristir grunnt hjá bókmenntaþjóðinni; metnaðarfull lýsing bóka, og þá einkum hvað bundið mál snertir. Alltof oft hafa verið gefnar út frábærar ljóðabækur góðskáldanna án þess að sérstaklega hafi verið hirt um sjónræna hlið málsins hvað þá bókverk sem stenst fyllstu kröfur. Í besta falli er eitthvað lagt í útlitshönnun og stásslégan búning. Hafi eitthvað verið gert hefur það oftast en ekki mætt afgangi, kastað til þess höndum, undirbúningur lítill og vinnsla frumstæð. Við erum hér langt á eftir norrænum frændþjóðum okkar, hvað þá hámenningarþjóðum meginlandsins eins og bókaútfendur hljóta að hafa uppgötvæð á bóka-kaupstefnum ytra. Og hafi þessum þætti verið sinnt er listamannsins sem lýsinguna hefur tekið að sér á stundum getið sem viðauka til hliðar, líkt og myndmálið væri þjónusta ritmálsins. Tímamörkin sem listamaðurinn fær geta verið svo knöpp að enginn með sjálfsvirðingu myndi taka það að sér ytra, en hér hafa lista-

menn neyðst til þess fyrir nærtækar og kaldhamraðar aðstæður. Þetta er þeim mun undarlegri í ljósi fjölda framúrskarandi myndlistarmanna lungann af síðustu öld, sumir drjúgir teiknarar en flestir með öllu verkefnalausir, og er þetta dökku blettur á tímaskeiðinu. Að ekki sé farið í saumana á því, að þegar eitthvað hefur verið gert hafa filmur iðulega verið sparaðar þannig að blæbrigðaríkdómurinn rýrnaði og skuggar ekki viðlíka djúpir og á frummyndunum, jafnvel hefur komið fyrir að listamennirnir hafi mátt þakka fyrir að fá ekki fingraför prentaranna sem viðbót við lýsingarnar. Þar fyrir utan hafa bækurnar á stundum verið laklega innbundnar, angandi af prentsvertu, sem gerist enn í alltof ríkum mæli. Auðvitað eru til undantekningar og þær standa upp úr eins og píramíðar í eyðimörk og má hér helst nefna lýsingar Njálu og Grettlu í útgáfu Helgafells 1944, sem var verk þeirra Gunnlaugs Schevings, Snorra Arinbjarnar og Þorvaldar Skúlasonar. Hefði getað orðið kímið að stórbrotinni athafnasemi, sem þó ekki varð og enn skal auglýst eftir. Um er að ræða ómælda sóun á listrænu vinnuafli og um leið möguleikum á þjóðmenningarlegum verðmætum.

Rýnirinn hefur oftast en ekki vísað til þessa, listamönnum fjölgar en verkefnum ekki að sama skapi, og nú hefur hann aftur ærið tilefni fyrir framan sig í formi óvenju fallegrar, vel hannaðrar, innbundinnar og myndlýstrar bókar. Og þótt framtak-



Úr bókinni; Tímaland/Zeitland.



Úr bókinni; Brunnin flýgur álf/ Brennend fliegt ein Schwan.

ið komi frá útlöndinu kemur það okkur mikið við, þar sem um er að ræða þýska útgáfu á kvæðum skáldsins og

rithöfundarins Baldurs Óskarssonar er ber nafnið Tímaland/Zeitland, með lýsingum hins nafnkennda Berlínar-

málara Bernds Koberlings. Kvæðin eru bæði á íslensku og þýsku og hafa framtakinu vafalítið þegar verið gerð skil í ritdómi á síðum blaðsins, mitt hlutverk markast einungis af útlitshönnun og myndlýsingu bókarinnar. Er hér um að ræða ígildi listaverka-bókar, þar sem skáld og myndlistarmaður vinna saman á jafnréttisgrundvelli og þess gætt í hvívetna að ljóð og mynd njóti sín. Ekki verið að punta upp á ljóð eða mynd heldur auka við ris hvors tveggja, frambera um leið eigulegan grip sem gerir handhafa ríkari, víkkrar skynsvið hans á andríkt mál og huglægt skreyti í háum gæðaflokki.

Baldur Óskarsson þarf ekki að kynna, en málarinn Bernd Koberling (f. 1938) er mjög vel þekktur í heimalandi sínu og langt út fyrir landamærin, kennari í málun við Listháskólann í Berlín. Hann er einn þeirra nafnkennda erlendu listamanna sem tekið hafa ástföstri við landið á útnáranum, ekki þó höfuðborgarsvæðinu, heldur hina hrikalegu og margbrotnu fegurð Austurlands, þar sem hann hefur dvalið reglulega frá 1977. Unnið að list sinni og rennt fyrir lax í Loðmundarfirði, ásamt því að njóta gagnsærra og síhvikulla veðurhvarfa og birtumagna. Þetta kemur afar vel fram í hinum kristallstærri vatnslitamyndum í bókinni, sem ekki eru minni formrænn skáldskapur en ljóðin sjálf, styðja þau og efla. Aðdáunarvert hve hlutlægar lýsingarnar eru á síðunum og sjálfstæðar, hér grípur ljóð ekki inn í mynd né mynd inn í ljóð, eru öllu frekar skyldir og þó sér-tækir heimar sem auðga hvor annan innbyrðis, tvær útréttar hendur sem heilsast yfir höf og lönd.

Útgáfa hliðstæðra bóka er í sjálfu sér engin stór tíðindi í Þýskalandi, jafn rík hefið og er fyrir þeim, en þó jafnan viðburður sem tekið er eftir, veginn og metinn. Þýðverjar kunna að gera vel við skáld sín og færa ljóð þeirra í áhugaverðan og eftirsóttan búning, gera þar með að handföstum verðmætum, ekki skreyti í bókahillu heldur sjónrænni nautn í hendi. Og mikið væri nú annars gaman ef okkur auðnaðist að draga hér dóm af og um leið samsvarandi útgáfum á Norðurlöndum sem annars staðar á meginlandinu, af nógu er að taka og hér er lag að æsa upp metnað til að gera hliðstæður, helst enn betur. Að myndlýsa ljóðabók er meira mál en margur hyggur, listamaðurinn getur bæði dottið á góða lausn í upphafi eða viðfangsefnið verið honum barningur sem mánuðum skiptir, meðgöngutíminn langur og fæðing erfið, eða hann fer hægt í sakirnar eins og virðist hafa átt sér stað í þessu tilviki. Myndirnar, sem eru útfærðar í vatnslit, þ.e. akvarellu, eru gerðar sumarið 1999 og veturinn 2000, lögd er áhersla á létt og ljóðræn vinnubrögð í óformlegum stílbrögðum. Þó er fjarri því að hægt sé að tala um formleysur því form og litræn bygging hverrar myndar fyrir sig lýtur eigin lögmálum og gengið er út frá ólíkum skynhrifum, allt eftir því hvað ljóðin blása listamanninum í brjóst hverju sinni...

Ekki getur rýnirinn sett punktinn aftan við þessi skrif án þess að geta hliðstæðrar bókar sem út kom hjá sama forlagi 1997, einnig myndlýst af Bernd Koberling, myndir unnar sumarið 1996 og veturinn 1997.

Um að ræða kvæðabók Snorra Hjartarsonar; Brunnin flýgur álf/ Brennend fliegt ein Schwan. Ég vissi af bókinni en hlýtt að hafa verið erlendis á þeim tíma sem útgáfu hennar bar að og fékk hana ei heldur upp í hendurnar. Var þannig í fyrsta skipti sem ég blaðaði í bókinni á dögunum þá ég loks hafði uppi á henni eftir nokkra leit, jafnvel fundu velviljaðir hana ekki á tölvuskra Borganbókar-safnsins, sem mér þótti í meira lagi undarlegt.

Vildi hafa hana til samanburðar, sem reyndist viturlegt, því óhætt er að endurtaka allt framanskráð um þá bók og myndlýsingarnar engu síðri, að auk er hún nær hálfu meira fyrirtæki, eða 214 síður á móti 115.

Í báðum tilvikum er um að ræða mikinn hvalreka í bókverki og um leið mikilvæg og verðmæt menningarsamskipti milli þjóðanna.

Bragi Ásgeirsson

Verðhrun



40-60% AFSLÁTTUR

IANZ
KRINGLUNNI